

**Nd.**

**501. Nefndarálit**

**[63. mál]**

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið ítarlega. Kvaddi nefndin á sinn fund Gunnar Hall hagsýslustjóra, Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Bjarna Braga Jónsson og

Yngva Örn Kristinsson frá Seðlabanka, Hörð Vilhjálmsson, fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, Halldór Jónatansson, forstjóra Landsvirkjunar, Gunnlaug Sigmundsson og Jafet Ólafsson frá Þróunarfélagi Íslands, Hermann Guðjónsson vita- og hafnarmálastjóra, Katrínu Atladóttur, Hilmar Þórisson og Percy Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Leif Jóhannesson frá Stofnlánadeild, Birgi Þorgilsson frá Ferðamálaráði, Magnús E. Guðjónsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra, Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlits, Stefán Pálsson, formann Sambands viðskiptabanka, Guðmund Malmquist, forstjóra Bygðastofnunar, og Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti.

Ekki varð einhugur í nefndinni. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Heildarlántökur innan lands og erlendis hækka um 1165 m.kr., þar af innlendar um 60 m.kr. og erlendar um 1105 m.kr. Ráðgert er að allar þessar lántökur fari um ríkissjóð, en í raun eru þær allar tengdar milligöngu ríkissjóðs um lánsfé til fyrirtækja. Samkvæmt tillögum meiri hl. nema lántökur því alls 21 784 m.kr., þar af er miðað við að afla 12 210 m.kr. innan lands og 9574 m.kr. með erlendum lántökum. Skulu þessar breytingar nú raktar í stuttu máli.

- a. Innlend lántaka ríkissjóðs hækkaði í meðförum Alþingis á fjárlögum um 60 m.kr. Stafar sú hækkun af lánveitingu ríkissjóðs til RARIK á árinu 1988 vegna framkvæmda fyrirtækisins við línu niður á Krosssand.
- b. Lagt er til að erlendar lántökur ríkissjóðs hækki um 1105 m.kr. Sú hækkun er vegna milligöngu ríkissjóðs um erlend lán til langs tíma fyrir RARIK og fyrirtæki í sjávarútvegi. Þessi lán skiptast þannig: Rafmagnsveitur ríkisins 160 m.kr., Sæberg hf. Ólafsfirði vegna breytinga á Mánaberginu í frystitogara 180 m.kr. og fjögur raðsmíðaskip samtals 565 m.kr. Öll þessi lán munu ganga til að greiða erlend skammtímalán sem hafa verið tekin og munu þessar lántökur því ekki auka erlendar skuldir þjóðarbúsins. Þá hækkar lántökuheimild Bygðastofnunar um 200 m.kr. Í því sambandi skal tekið fram að ætlast er til að Bygðastofnun styðji sérstaklega við útgerð í þeim byggðarlögum þar sem hún hefur dregist saman.
- c. Við afgreiðslu fjárlaga var framlag til Kvikmyndasjóðs hækkað úr 40 m.kr. í 60 m.kr.
- d. Við afgreiðslu fjárlaga var framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkað úr 1485 m.kr. í 1533 m.kr. Við þá afgreiðslu láðist að láta Jöfnunarsjóðinn njóta hlutdeildar í hækkun söluskattsinnheimtu við lokaáætlun fyrir árið 1988. Var það metið á 7 m.kr. og er lagt til að framlagið hækki sem því nemur og verði 1540 m.kr.
- e. Þá er Bygðastofnun heimilað að nýta sér hagstæð lánskjör á erlendum lánamörkuðum.
- f. Að lokum er að ósk Seðlabanka bætt inn í frumvarpið heimild fyrir ríkissjóð til að gefa út og selja ríkisvixla í tvíþættum tilgangi, þ.e. til að mæta endurgreiðslu eldri ríkisvixla og til að bæta stöðuna á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þessi heimild er hugsuð sem stjórntæki til að hamla gegn yfirdrætti í Seðlabanka og óhóflegri aukningu peningamagns í umferð.

Að lokum skal þess getið að taki frumvarp til laga um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, mál nr. 194, breytingum í meðförum Alþingis þarfnast 28. gr. lánsfjárlaga endurskoðunar.

Alþingi, 12. jan 1988.

Páll Pétursson,  
form., frsm.

Geir H. Haarde,  
fundaskr.

Kjartan Jóhannsson,  
með fyrirvara.

Guðmundur G. Þórarinnsson,  
með fyrirvara.

Matthías Bjarnason.

**Fylgiskjal I.**

**Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1988.**

	Sala spari- skírteina	Verðbréfa- kaup bankakerfis	Verðbréfa- kaup lífeyrissj.	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar- lántökur
<b>I. Opinberir aðilar</b>	3 000	1 260	—	—	4 260	1 949	6 209
Ríkissjóður, A-hluti	3 000	1 260	—	—	4 260	905 <sup>1)</sup>	5 165
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	—	—	650	650
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	394	394
<b>II. Opinberar lánastofnanir</b>	—	280	6 110	300	6 690	750	7 440
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	4 750	50	4 800	—	4 800
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	1 360	—	1 360	—	1 360
Bygðastofnun, almennar lánveitingar	—	—	—	250	250	550	800
Bygðastofnun, innlend skipasmíði	—	—	—	—	—	200	200
Framkvæmdasjóður	—	280	—	—	280	—	280
<b>III. Atvinnufyrirtæki og sjóðir</b>	—	—	60	1 200	1 260	6 875	8 135
Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	—	4 800	4 800
Herjólfur hf. Vestmannaeyjum	—	—	—	—	—	125 <sup>2)</sup>	125
Flóabáturinn Baldur hf.	—	—	—	—	—	100	100
Fiskveiðisjóður, greiðsluhalli	—	—	—	150	150	150	300
Fiskveiðisjóður, útlán	—	—	—	250	250	350	600
Iðnlánasjóður	—	—	—	300	300	400	700
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	50	50	100	150
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	60	—	60	—	60
Útflutningsláнасjóður	—	—	—	50	50	50	100
Fjármögnunarteygur	—	—	—	400	400	800	1 200
<b>Heildarlántökur (I+II+III)</b>	<b>3 000</b>	<b>1 540</b>	<b>6 170</b>	<b>1 500</b>	<b>12 210</b>	<b>9 574</b>	<b>21 784</b>

<sup>1)</sup> Erlendar lántökur ríkissjóðs á árinu 1988 að fjárhæð 905 m.kr. eru ekki vegna eigin ráðstöfunar heldur vegna milligöngu ríkissjóðs um langtímalántökur til RARIK, raðsmíðaskipa og Mánabergsins á árinu 1988.

<sup>2)</sup> Þar af 25 m.kr. ónotuð heimild frá árinu 1987.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

## Fylgiskjal II.

### Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988.

	Frumvarp til láns- fjárlaga	Till. meiri hl. Ed.-n.	Till. meiri hl. Nd.-n.
<b>1. Ríkissjóður, A-hluti</b> .....	<b>4 200</b>	<b>4 200</b>	<b>5 165</b>
Þar af endurlánað til B-hluta .....	1 635	1 635	1 855
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	690	690	690
RARÍK, almennar framkvæmdir .....	125	125	185
RARÍK, greiðsluerfiðleikar 1987 .....	—	—	160 <sup>1)</sup>
Flugstöð á Keflavíkflugvelli .....	820	820	820
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja .....	—	—	745
Oddeyri hf. Akureyri, raðsmíðaskip .....	—	—	120 <sup>2)</sup>
Nökkvi hf. Blönduósi, raðsmíðaskip .....	—	—	125 <sup>2)</sup>
Ljósavík hf. Þorlákshöfn, raðsmíðaskip .....	—	—	145 <sup>2)</sup>
Jarlinn hf. Keflavík, raðsmíðaskip .....	—	—	175 <sup>2)</sup>
Sæberg hf. Ólafsfirði, Mánaberg .....	—	—	180 <sup>2)</sup>
<b>2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs</b> .....	<b>650</b>	<b>650</b>	<b>650</b>
Landsvirkjun .....	600	600	600
Próunarfélag Íslands hf. ....	50	50	50
<b>3. Sveitarfélög</b> .....	<b>350</b>	<b>394</b>	<b>394</b>
Hitaveita Akureyrar .....	120	120	120
Hitaveita Egilsstaða og Fella .....	8	8	8
Hitaveita Siglufjarðar .....	—	20	20
Hitaveita Eyrar .....	10	10	10
Hitaveita Rangæinga .....	—	11	11
Hitaveita Suðurnesja .....	—	150	150
Fjarhitun Vestmannaeyja .....	—	45	45
Annað .....	212	30	30
<b>4. Ráðstöfun (1+ ... +3) = fjáröflun (5+6)</b> .....	<b>5 200</b>	<b>5 244</b>	<b>6 209</b>
<b>5. Innlend fjáröflun</b> .....	<b>4 300</b>	<b>4 200</b>	<b>4 260</b>
Útgáfa spariskírteina .....	3 000	3 000	3 000
Verðbréfakaup bankakerfis .....	1 200	1 200	1 260
Önnur innlend fjáröflun .....	100	—	—
<b>6. Erlendar lántökur</b> .....	<b>900</b>	<b>1 044</b>	<b>1 949</b>
Ríkissjóður, A-hluti .....	—	—	905 <sup>4)</sup>
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs .....	650	650	650
Sveitarfélög .....	250	394	394

- 1) Langt erlent lán til endurgreiðslu erlendra skammtímalána fyrirtækisins vegna greiðsluerfiðleika þess á árinu 1987.
- 2) Löng erlend lán til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskipanna á undanförunum árum.
- 3) Langt erlent lán til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru vegna breytinga á Mánaberginu í frystitogara.
- 4) Erlendar lántökur ríkissjóðs á árinu 1988 að fjárhæð 905 m.kr. eru ekki vegna eigin ráðstöfunar heldur vegna milligöngu ríkissjóðs um langtímalántökur til RARÍK, raðsmíðaskipa og Mánabergsins á árinu 1988.  
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.